



Dæmi um hvernig hatursorðræða myndast og breiðist út

Góð leið til að átta sig á því hvernig hatursorðræða verður til, breiðist út og hefur áhrif á einstaklinga og samfélagið er að sjá fyrir sér tré. Rætur trésins eru orsakir hatursorðræðunnar, stofninn er hvernig hatursorðræðan birtist, en greinarnar eru þá afleiðingarnar.



Dæmi 1 :

Adam er nemandi í læknisfræði í Svíþjóð og vinnur á spítala. Þegar Covid-19 heimsfaraldurinn hefst fer Adam að finna fyrir breyttu viðmóti. Fólk óttast að hann beri sjúkdóminn af því að hann er af erlendum uppruna.



Ræturnar (orsakir hatursorðræðu):

- Takmarkaðar upplýsingar um Covid 19.
- Fólk óttast að smitast.
- Vírusinn á upptök sín í Kína og því skapast ótti við að fólk af asískum uppruna geti borið sjúkdóminn.
- Fólk missir vinnuna og verður reitt, fer að leita að sökudólgi.

Stofninn (birtingarmyndir hatursorðræðu):

- Hatursfull skilaboð birtast í athugasemdakerfum á netinu.
- Stjórnámálamenn tala um Covid-19 sem „kínverska vírusinn“
- Öfgahópar notfæra sér óttan í samfélaginu til að dreifa hatursfullum skilaboðum um innflytjendur, flóttamenn og umsækjendur um alþjóðlega vernd

Greinarnar (afleiðingar hatursorðræðu):

- Adam líður ekki lengur eins og hann sé viðurkenndur hluti af samfélaginu.
- Hann vill ekki lengur taka þátt í opinberri umræðu.
- Hatursglæpir í landinu aukast, sérstaklega í garð innflytjenda.

Dæmi 2:

Alex er kynsegin unglíngur í Reykjavík og byrjaði nýlega að nota fornafið hán. Þegar nýju lögin um kynrænt sjálfræði taka gildi sumarið 2019 verða Alex, fjölskylda hans og vinir afskaplega glöð. Mikil og jákvæð umræða á sér stað í samfélaginu og bráðum verður hægt að sækja um breytta skráningu á kyni í öllum opinberum skráum og gögnum.

Allt í einu verður Alex vart við að fleiri og fleiri ljótar athugasemdir eru byrjaðar birtast undir fréttum um nýju lögin. Mamma hans segir að þau skuli ekki lesa þetta, svona skrifi bara örfáir vitleysingar, en Alex líður mjög illa.

Ræturnar (orsakir hatursorðræðu):

- Hatursorðræða er oft hluti af neikvæðum viðbrögðum gagnvart mannréttindabaráttu tiltekins hóps.
- Einstaklingar sem þekkja ekki markmið nýju laganna verða samstundis á móti þeim í stað þess að kynna sér þau frekar.
- Sumum finnst hinsegin barátta vera komin út í öfgar eða að það sé verið að gera út af við kyn.

Stofninn (birtingarmyndir hatursorðræðu):

- Neikvæðar athugasemdir birtast á samfélagsmiðlum.





síðast uppfært dags. 10.7.2024

- Alex og önnur ungmenni fá send ljót skilaboð á samfélagsmiðlum þar sem þau eru kölluð ógeðsleg.
- Það er gelt á Alex og vini hans úti á götu.
- Nýr hópur verður til sem kallar sig „Focus on the Family“ og fer að deila falsfréttum á netinu um hversu hættuleg þróun þessi nýju lög eru. Innan um „fréttirnar“ er hvatt til ofbeldis í garð hinsegin samfélagsins.

Greinarnar (afleiðingar hatursorðræðu):

- Hinsegin samfélagið upplifir óöryggi.
- Hinsegin ungmenni verða fyrir áreitni úti á götu og fyrir utan hinsegin félagsmiðstöðina í Reykjavík.
- Skemmdarverk eru unnin á regnbogafánnum í aðdraganda Pride.
- Alex er hrætt við að byrja aftur í skólanum eftir sumarið.



Reykjavík